


Aðalfundur 2021

~ Haldinn þann 11. maí ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Gjaldkeri, vallarstjóri og meðstjórnandi
- **Tillögur og lagabreytingar**
- **Önnur mál**

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í Virkjun, Ásbrú þann 18. febrúar og var rúmlega þriðjungur félagsmanna mættur. Rekstur á árinu 2019 var neikvæður um 33.259 kr.

Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Gunnar hætti sem vallarstjóri eftir eitt ár og Ágúst H. Borgþórsson kom í hans stað. Steinþór gekk úr stjórn sem meðstjórnandi og Gunnar H. Valdimarsson kom í hans stað. Albert Guidice bauð sig fram í lausa stöðu meðstjórnada. Engin bauð sig fram til formanns og féllst Magnús Kristinsson á að sinna því hlutverki áfram. Rætt um að koma upp myndavél fyrir bílasvæðið, stöðu framkvæmda og sambúðina hingað til.

Þrátt fyrir Covid tíma þá var árið nokkuð gott mætingarlega séð, mikið mætt á flugvöllinn en einnig var nóg að gera hjá bíladeildinni. Félagsmönnum fjölgaði ekki á árinu en fækkaði heldur ekki.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á aðrar samkomur, hvort heldur sem var í Eyjafjarðarsveit, Tungubökkum eða Hamranesi.

Atburðir í kringum Ljósanótt féllu niður vegna Covids

Innherjar reyndu við flug í Reykjaneshöllinni en það gekk frekar illa sökum Covid og var ekki mikið um flug á vertíðinni..

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins



Flugmóðelfélag Suðurnesja

Ársreikningur 2020

	Inn	Út
Félagsgjöld	569.800 kr.	
Innherjar	40.000 kr.	
Styrkir	- kr.	
Vextir	119 kr.	
Vallarviðhald		328.892 kr.
Tækjakaup		- kr.
Vefmyndavél		54.352 kr.
Tryggingar		47.283 kr.
Bensín, gas, olía		45.775 kr.
Veitingar		8.259 kr.
Bankakostnaður		5.152 kr.
Fjármagnstekjuskattur		26 kr.
Samtals á árinu	<u>609.919 kr.</u>	<u>489.739 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	30.523 kr.	
Samtals	<u>640.442 kr.</u>	<u>489.739 kr.</u>
Samtals eign í árslok	<u>150.703 kr.</u>	
Velta á árinu	1.130.181 kr.	
Rekstrarniðurstaða	885.472 kr.	

Eignir	Verð
Sparireikningur	734.769
Sláttuvél	535.000
Kerra	500.000
Tæki	125.000
Áburðardreifari á sláttuvél	60.000
Myndavél	85.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
Samtals	2.089.769

Flugbrautir og vallarsvæði	33.625.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

Samtals eignir	35.714.769
-----------------------	-------------------

Niðurstaða

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 885.472 kr en 734.769 kr af því er vegna inneignar á sparireikningi. Daglegur rekstur var því jákvæður um 150.703 kr.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Engar stórar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árin. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu undir rekstrinum. Stjórn félagsins ákvað að halda félagsgjöldunum óbreyttum á árinu 2021 eða 6.500 kr fyrir yngri en 18 ára og 13.000 kr fyrir almenna félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda voru stofnaðar í bankakerfinu um mánaðarmótin apríl/mái.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa gjaldkera, vallarstjóra og meðstjórnanda.

Sverrir Gunnlaugsson gefur kost á sér sem gjaldkeri.

Ágúst H. Borgþórsson gefur kost á sér sem vallarstjóri.

Gunnar H. Valdimarsson gefur kost á sér sem meðstjórnandi.

Tillögur og lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingu liggja fyrir fundinum.

Önnur mál

- Orðið er frjálst.

Minnisblað